

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagsvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. f bætist við ný grein, 2. gr. g, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/97 frá 12. desember 1997 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 frá 10. nóvember 1997 um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 417/85 og nr. 418/85 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu annars vegar og rannsóknir og þróun hins vegar.

2. gr.

Í þessari breytingu felst að gildistími skv. 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85, sem tekin var upp í íslenskan rétt sem f-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993 og breytt með reglugerð nr. 375/1994, framlengist um þrjú ár, frá 31. desember 1997 til 31. desember 2000. Aðlögunarákvæði i með reglugerðinni, sem er í 6. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snertir gildistímamann, fellur jafnframt niður.

Jafnframt framlengist gildistími skv. 13. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 418/85, sem tekin var upp í íslenskan rétt sem g-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993 og breytt með reglugerð nr. 375/1994, um þrjú ár, frá 31. desember 1997 til 31. desember 2000. Aðlögunarákvæði j með reglugerðinni, sem er í 7. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snertir gildistímamann, fellur og niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 6. og 7. tölul. XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. desember 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 23. desember 1997 staðfest aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015, sem er endurskoðun á áður staðfestu aðalskipulagi frá 8. desember 1982.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 23. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 37/1989, um greiðslur samkvæmt 38. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Maður skal skila greiðslu samkvæmt reglugerð þessari ásamt skilagrein í því umdæmi þar sem hann á lögheimili.

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum ef þær eru ekki inntar af hendi í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum með greiðslu inn á giróreikning:

Sýslumaðurinn á Akranesi.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi.
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi.
Sýslumaðurinn í Búðardal.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði.
Sýslumaðurinn á Ísafirði.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.
Sýslumaðurinn á Hólmavík.
Sýslumaðurinn á Blönduósi.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.
Sýslumaðurinn á Siglufirði.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði.
Sýslumaðurinn á Akureyri.
Sýslumaðurinn á Húsavík.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.
Sýslumaðurinn á Neskaupsstað.
Sýslumaðurinn á Eskifirði.
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.
Sýslumaðurinn á Selfossi.
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
Sýslumaðurinn í Kópavogi.
Sýslumaðurinn í Keflavík.
Sýslumaðurinn á Keflavíkurlflugvelli.
Tollstjórinn í Reykjavík.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 41. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.